

Sp.

95. Fyrirspurn

[92. mál]

til dómsmálaráðherra um sérdeild við sakadóm Reykjavíkur.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hefur dómsmálaráðherra beitt sér fyrir endurskoðun laga um skipan dómssvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., nr. 74/1972, með síðari breytingum, svo og laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, með síðari breytingum, í samræmi við ákvæði þingsályktunar um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1984?
2. Hvenær má búast við að eftirtalin verkefni, sem ríkisstjórninni var falin tafarlaus framkvæmd á, komist til framkvæmda:
 - a. að stofnuð verði sérdeild við sakadóm Reykjavíkur sem fái m. a. eftirtalin afbrot til meðferðar: skattsvik, bókhaldsbrot, gjaldeyrisbrot, faktúrufalsanir, verðlagsbrot og fleiri skyld brot,
 - b. að fjölgað verði sérhæfðum starfsmönnum hjá saksóknara,
 - c. að starfsemi Rannsóknarlögreglu ríkisins verði eflað í þessum málaflokkum?